

Skrifstofa sveitarfélaga og byggðamála
Innviðaráðuneytið
Sölvhólgata 7
101 Reykjavík

Reykjavík, 30. mars 2023
E-2023-106/00.11

Efni: Drög að frumvarpi til laga um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga

Vísað er til máls nr. 64/2023 sem auglýst er til umsagnar í Samráðsgátt stjórnvalda. Um er að ræða drög að skýrslu starfshóps um endurskoðun á regluverki Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og drög að frumvarpi til nýrra heildarlaga um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga, sem byggja á niðurstöðum starfshópsins. Landsvirkjun hefur kynnt sér málið og þakkar tækifærið til umsagnar.

Landsvirkjun fagnar því að stjórnvöld vinni í því að endurskoða regluverk Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga með það að markmiði að bæta gæði jöfnunar, einfalda útreikninga og skipulag sjóðsins og að Jöfnunarsjóður fylgi þróun sveitarfélagagerðarinnar.

Ríki heims leita nú lausna til að draga úr kolefnislosun og eru orkuskipti einn lykilþátturinn í þessum aðgerðum. Íslensk stjórnvöld hafa sett sér metnaðarfull markmið hvað varðar innlend orkuskipti en ljóst er að auka þarf framboð á raforku eigi þau markmið að nást. Sveitarfélög gegna lykilhlutverki hvað varðar skipulags- og leyfisveitingarmál orkumannvirkja og gegna þannig afar mikilvægu hlutverki hvað varðar framtíðarárangur Íslands í loftslagsmálum.

Landsvirkjun telur mikilvægt að innlent regluverk skapi með almennum hætti rétta hvata og tryggi að sveitarfélögin sjálf sjái skýran ávinning í því að styðja við frekari uppbyggingu og aukið framboð raforku. Í þessu ljósi vill Landsvirkjun benda á að samhliða nýjum skatttekjum sveitarfélaga vegna nýrra orkumannvirkja fylgja oft á tíðum skertar greiðslur úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga. Dregur þetta úr hvata sveitarfélaga til að styðja við auknu orkuuppbyggingu. Ef Ísland á að ná metnaðarfullum loftslagsmarkmiðum stjórnvalda þá er mikilvægt að ólík stjórnsýslustig, stofnanir landsins og fyrirtæki gangi í takt og að aðilar rói í sömu átt. Landsvirkjun hvetur stjórnvöld til að huga vel að þessum málum, hvort sem í gegnum Jöfnunarsjóð sveitarfélaga eða með annarri löggjöf eða regluverki.

Landsvirkjun er vel meðvitað um þörfina á því að sem víðtækust samfélagsleg sátt ríki um raforkuvinnslu og frekari orkuöflun á Íslandi. Lykilþáttur í slíkri sátt er m.a. að fjárhagslegum ávinningi af raforkuvinnslu sé skipt með sem sanngjörnum hætti á milli ólíkra hagaðila, þ.m.t. sveitarfélaga. Í þessum anda hefur fyrirtækið til að mynda sett sér sérstaka samfélagsstefnu og hefur fyrirtækið það að leiðarljósi að nærsamfélög virkjana þess njóti ávinnings af starfsemi. Fyrirtækið styður við fjölbreytt málefni og verkefni sem hafa jákvæð samfélagsáhrif og á síðasta ári námu beinar greiðslur fyrirtækisins til sveitarfélaga (fasteignaskattar og lóðarleiga) um einum milljarði króna.

Virðingarfyllst,

Kristín Linda Árnadóttir
Aðstoðarforstjóri

Þórólfur Nielsen
Forstöðumaður stefnumótunar og sjálfbærni

